

Nr. 55

14. janúar 2015

AUGLÝSING um deiliskipulag lokahúss og útloftunarbrunns, Arfadal, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 25. nóvember 2014 deiliskipulag lokahúss og útloftunarbrunns, Arfadal, Grindavíkurbæ. Meginforsendur deiliskipulagsins er að finna í aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030. Í deiliskipulaginu felst fráveitulögн til að flytja affallsvökva frá niðurdælingarveitum Svartsengisvirkjunar til útrásar í Arfadalsvík. Lokahús og útloftunarbrunnur verður í Arfadalsvík. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og laga nr. 105/2005 um umhverfismat áætlana.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grindavík, 14. janúar 2015.

Ármanн Halldórsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2015